SORPA
ÁRANGUR Í ÚRGANGSMÁLUM

VOTTUN HF
IST ISO 9001

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR

339. fundur.

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar SORPU bs., í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum 30. maí, haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins fimmtudaginn 03.07.2014, kl.12:00.

**Mættir eru eftirtaldir fulltrúar sem aðildarfélög byggðasamlagsins hafa skipað sem stjórnarmenn í stjórn byggðasamlagsins:**

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | Halldór Auðar Svansson |
| Kópavogur | Guðmundur Geirdal |
| Hafnarfjörður | Rósa Guðbjartsdóttir |
| Garðabær | Sigurður Guðmundsson (varamaður), Jóna Sæmundsdóttir boðar forföll |
| Mosfellsbær | Hafsteinn Pálsson |
| Seltjarnarnes | Bjarni Torfi Álfþórsson |

Framkvæmdastjóri SORPU, Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur SORPU, Bjarni G. P. Hjarðar og skrifstofustjóri SORPU, Sigríður B. Einarsdóttir

Aldursforseti í hópi stjórnarmanna er Hafsteinn Pálsson og stjórnar hann fyrsta lið dagskrárinnar.

**Tekið fyrir**:

1. **Kjör formanns og varaformanns í samræmi við III. kafla, 4.gr. stofnsamnings eignaraðila frá 1. janúar 2007**
   Stjórn samþykkir samhljóða að Bjarni Torfi Álfþórsson fulltrúi Seltjarnarness verði formaður stjórnar og Halldór Auðar Svansson fulltrúi Reykjavíkur varaformaður.

2. **Val á tveimur fulltrúum stjórnar í samráðsnefnd SORPU bs. og atvinnulífsins**
   Stjórn samþykkir samhljóða að formaður stjórnar Bjarni Torfi Álfþórsson og Hafsteinn Pálsson fulltrúi Mosfellsbæjar verði fulltrúar stjórnar í samráðsnefnd SORPU bs og atvinnulífsins.

3. **Val á tveimur fulltrúum stjórnar í samráðsnefnd sorpsamlaganna á suðvesturlandi**
   Stjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar stjórnar í samráðsnefnd sorpsamlaganna á suðvesturlandi verði Rósa Guðbjartsdóttir fulltrúi Hafnarfjarðar og Guðmundur Geirdal fulltrúi Kópavogs.

4. **Val á tveimur fulltrúum í viðræðunefnd við Sorpstöð Suðurlands bs.**
   Stjórn samþykkir samhljóða að formaður stjórnar og Halldór Auðar Svansson fulltrúi Reykjavíkurborgar verði fulltrúar stjórnar í viðræðunefnd við Sorpstöð Suðurlands.

5. **Ákvörðun um fundartíma stjórnar**
   Fundir stjórnar skulu vera fyrsta föstudag í mánuði kl. 7.30.
   Undantekning, næsti fundur stjórnar, verður 15. ágúst, föstudag kl. 7.30.

BTÁ HAS

**6. Afhending gagna**

Stjórnarmönnum afhent:

- Stofnsamningur SORPU bs.
- Eigendastefna SORPU bs.
- Starfsreglur stjórnar
- Skipurit SORPU bs.
- Stefnumótun stjórnar SORPU bs. 2010 – 2015
- Rekstraráætlun SORPU bs. 2014 – 2018
- Ársreikningur og ársskýrsla 2013
- Samningur sveitarfélaganna og SORPU um rekstur endurvinnslustöðvanna
- Gæðastefna SORPU
- Umhverfisstefna SORPU
- Mannauðsstefna SORPU
- Öryggisstefna SORPU
- Drög að siðareglum stjórnar
- Kynntur aðgangur stjórnarmanna að „Séra Pétri", „SharePoint" kerfi SORPU

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 15. ágúst kl. 7.30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12.50.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir